

Bonhoeffer

Trúartúlkun í myndugum heimi

Inngangur

Reynslan mótaði Dietrich Bonhoeffer og setti guðfræði hans og trúarskilning í ákveðinn farveg. Guðfræðingurinn mótast ekki aðeins af bókum og kenningum heldur einnig af reynslunni.¹ Fáir sanna þá skoðun Marteins Lúthers betur en Bonhoeffer. Lúther sagði í bordræðum sínum: „Guðfræðingurinn verður til í reynslunni“ [*sola autem experientia facit theologum*]². Í trúarskilningi Lúthers kemur reynslan á undan kenningunni. Sama á við um Bonhoeffer.

Fangelsisbréf Bonhoeffers höfðu mikil áhrif á guðfræðinga eftirstríðsáranna, vítt og breitt um heiminn. Við Háskóla Íslands var bókin lesin haustið 1965 af ungum guðfræðinimum.³ Það var eftirminnilegt að ganga um svo glæsilegar dyr inn í heim guðfræðinnar. Við að fletta bókinni nú, hálfri öld síðar, geri ég mér betur en áður grein fyrir þeim miklu áhrifum sem bókin hafði á guðfræðinema og unga guðfræðinga á þeim tíma, í það minnsta á undirritaðan. Aftur skynjaði ég sama aðdráttarafl Bonhoeffers á unga guðfræðinga þegar ég flutti röð fyrirlestra um Bonhoeffer við guðfræðideild Háskóla Íslands á haustmisseri 1991, um sögu hans, helstu ritverk, guðfræðihugsun og áhrif.

Um þessar mundir er þess minnst víða um heim að Bonhoeffer var tekinn af lífi – eða myrtur eins og þýskir sagnfræðingar orða það – fyrir sjö áratugum, það var aðeins fáeinum dögum áður en fangabúðirnar voru frelsaðar af Bandamönnum. Bonhoeffer er talinn þekktastur þýskra guðfræðinga á tuttugustu öld utan Þýskalands.

Augljóst er að guðfræði Bonhoeffers tekur miklum breytingum á skömmum æviferli. Hann fæddist í Breslau 4. febrúar 1906 og lést 39 ára í Flossenbürg í Bæjaralandi 9. apríl 1945, trúarskilningur hans er í mótun alla tíð. Hann þróast frá afar íhaldssömum guðfræðingi eins og sjá má af bréfum hans og einstökum textum, m.a. hjónavígsluræðunni, en lífsreynslan ýtir honum út á rúmsjó hinnar sjálfstæðu guðfræðilegu glímu þar sem hin róttæku sjónarmið hans, sem hafa haldið nafni hans sem guðfræðings á lofti, koma sífellt skýrar fram í dagsljósið, örúst er þessi þróun hans undir lokin. Hann náði ekki að skrifa guðfræði sína til enda öðruvísi en með lífi sínu og dauða, sá vitnisburður mun halda nafni hans á lofti um ókomna tíð.

Þegar Bonhoeffer er ásamt hópi fanga á leiðinni frá fangabúðunum í Buchenwald og kominn til smábæjarins Schönberg, um 40 km norðan við borgina Passau, 6. apríl 1945,

¹ Geybels, Hans: *Cognitio Dei experimentalis. A Theological Genealogy of Christian Religious Experience* (Bibliotheca Ephemeridum Theologicarum Lovaniensium), Leuven 2007, bls. 4.

² WA.TR. 46: *sola autem experientia facit theologum* [allein die Erfahrung macht den Theologen; ísl: Reynslan ein skapar guðfræðinginn].

³ *Letters & Papers from Prison*, Collins, London og Glasgow 1965 [1. útg. 1953].

voru liðin tvö ár í harðri þrúnd, fyrst í Tegel-fangelsinu í Berlín svo í Buchenwald við Weimar og nú nálgast hann þriðju fangabúðirnar, í smábænum Flossenbürg. Tveim dögum síðar, í skólabyggingu þar sem hópurinn hafði viðdvöl, hefur Bonhoeffer helgi- stund með samföngum sínum að þeirra beiðni. Skömmu síðar komu tveir lögreglumenn og leiða hann með sér síðasta spölinn. Síðustu orð Bonhoeffers áður en hann hvarf með vörðum laganna voru þessi: „Fyrir mig eru þetta endalokin en jafnframt upphafið.“ Það er 8. apríl, fyrsti sunnudagur eftir páska, sem ber latneska heitið „quasimodogeniti“, sem merkir á íslensku „eins og nýfædd börn“ (1- Pét- 2.2).

Í þrælkunarbúðum nasista í Flossenbürg fóru fram sýndarréttarhöld og daginn eftir, 9. apríl, milli kl. 6 og 7 að morgni var Bonhoeffer tekinn af lífi síðastur þeirra fimm andspyrnumanna sem þarna höfðu verið dæmdir. Þeir voru Wilhelm Canaris aðmírall og yfirmaður leyniþjónustu hersins, Hans Oster hershöfðingi og einn af yfirmönnum leyniþjónustunnar, Karl Sack dómari við herdómstól ríkisins og Ludwig Gehre fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu. Dómarinn var stormsveitarfönginginn Otto Thorbeck, sækjandi í málinu var stormsveitarfönginginn Walter Huppenkothen, sem tveim dögum áður hafði fellt dauðadóm yfir mági Bonhoeffers, Hans von Dohnanyi, sem var kvæntur Christine Bonhoeffer. Hann gegndi háu embætti í dómsmálaráðuneytinu, m.a. var hann saksóknari ríkisins og stjórnarráðunautur og kemur mikið við sögu andspyrnunnar gegn Hitler. Dohnanyi var myrtur í fangabúðunum Sachsenhausen nálægt Berlín.

Bonhoeffer var einn þeirra sem lögðu á ráðin um að koma Hitler frá völdum og þeim var ljóst að það yrði aðeins gert með banatilræði við einræðisherrann. Þekktasta tilræðið (af rúmlega hundruð) við Hitler var gert 20. júlí 1944 og er kennt við hershöfðingjann Claus Schenk Graf von Stauffenberg, hársbreidd munaði að tilræðið tækist. Fyrir þátttöku sína í andspyrnunni sat Bonhoeffer í fangelsi í tvö ár uns hann var tekinn af lífi. Flestir þeirra sem stóðu að andspyrnunni og tilræðunum voru háttsettir í stjórnkerfi þriðja ríkisins, bæði ráðuneytunum í Berlín og í hernum. Saga Bonhoeffers í andspyrnunni átti sér langa sögu í aðdraganda stríðsins.

Hér verður fyrst stiklað á stóru í sögu Bonhoeffers en í síðari hluta verður staðnæmst við fáein lykilatriði í *Fangelsisbréfunum*. Í því samhengi mun ég fjalla um gildi trúarhugsunar Bonhoeffers hér og nú. Í upplýstum og myndugum heimi er kallað á upplýsta og mynduga guðfræði. Viðfangsefnið „trúartúlkun í myndugum heimi“ varð sífellt áleitnara í bréfunum sem Bonhoeffer sendi úr fangelsi. Í því viðfangsefni eru guðfræðingar allra tíma á sömu blaðsíðu og hann því að túlkunarfræðin er sífellt viðfangsefni guðfræðingsins. Á skammri ævi hans snerist sú túlkun reyndar um líf og dauða.

Andspyrnumaðurinn Bonhoeffer

Í fangelsi

Fangavist Bonhoeffers tengist fyrst í stað almennri andstöðu hans við nasismann. 1. apríl 1933 tók hann opinbera afstöðu gegn nasismanum. 11. janúar 1938 er honum bannað að koma til Berlínar vegna pólitískrar afstöðu sinnar, fær þó undanþágu til að heimsækja foreldra sína. Hann var greinilega hættulegur einræðinu og því tekinn úr umferð. Lengst af sat hann í Tegel-fangelsinu við Plötzensee, úthverfi Berlínar. *Fangelsisbréfin* halda þessum tíma til haga en þau segja ekki alla söguna.

Aðdragandinn að fangavist Bonhoeffers var langur. Fljótlega eftir að nasistar hrifsuðu til sín völdin í janúarlok 1933 og Hitler tekur við af Hindenburg sem ríkiskanslari varð

Bonhoeffer eindreginn andspyrnumaður. Hann beitti sér þegar í stað gegn ofsóknum gegn gyðingum. Bonhoeffer var gagnrýninn á undirgefni ríkiskirkjunnar við yfirvöld og gerðist félagi í Játningakirkjunni, á árunum 1935–1940 annaðist hann ólöglegan prestaskóla sem hún rak. En hann varð einnig ósáttur við Játningakirkjuna og skeytingaleyssi hennar um framgöngu nasistanna, m.a. um ofsóknir þeirra gegn gyðingum. Játningakirkjan mótmælti ekki árásum nasista á gyðinga kristalsnóttina 9.–10. nóv. 1938. Meðal ættingja Bonhoeffers voru eindregnir andspyrnumenn, sumir í háum embættum á vegum ríkisins (Leibholz mágur hans, giftur Sabine tvíbúrasystur Bonhoeffers, var gyðingur). Árið 1940 var Bonhoeffer sviptur málfrelsi og ári síðar einnig ritfrelsi.

Bonhoeffer var ákærður 21. september 1943 fyrir að grafa undan vörnum ríkisins og sat í fangelsi í tvö ár, 8. október 1944 flutti Gestapó hann úr Tegel-fangelsinu í Berlín í kjallarafangelsið í aðalbækistöðvum sínum í Prinz Albrecht Straße 8 í Berlín. 17. janúar 1945 skrifaði Bonhoeffer síðasta bréfið til foreldranna. 7. febrúar er hann fluttur í útrýmingarbudirnar í Buchenwald og þaðan í byrjun apríl 1945 til Flossenbürg.

Bréfin

Bréfin sem Bonhoeffer skrifaði frá Tegel voru ritskoðuð og einkum lesin af dr. Roeder, sem var rannsóknarstjóri hjá leynilögreglu ríkisins, Gestapó, og stormsveitarforingi. Fyrstu fjóra mánuðina (apríl til júlí 1943) fékk hann aðeins að senda bréf til foreldra sinna á tíu daga fresti og aðeins skrifuð á eina blaðsíðu; bréfin og uppköst, sem til eru að nokkrum þeirra til foreldranna, sýna hversu mikið hann vandaði til þeirra, Paula Bonhoeffer, fædd von Hase, móðir hans, var þá 67 ára og faðir hans, dr. Karl Bonhoeffer, prófessor í sálfræði og taugalíffræði við Berlínarháskóla, var 75 ára. Hann sýnir mikla nærgætni í samskiptum við foreldra sína og finnst hann eiga sök á þessum fjölskylduharmleik. Honum var fyrst um sinn aðeins leyfilegt að skrifa til náninna ættingja. Gæta þurfti vel að öllu sem ritað var vegna ritskoðunar. Fjölskyldan hafði þjálfast í því áður en Bonhoeffer var handtekinn; í varúðarskyni er nánasti vinur Bonhoeffers, Eberhard Bethge, aldrei nefndur á nafn fyrsta misserið.⁴ Eftir hálfis árs fangavist breyttust aðstæður og er þar helst að þakka góðu sambandi sem Bonhoeffer náði við verði og hjúkrunarfólk í fangelsinu.

Bréfin til Bethges voru ekki ritskoðuð, ástæðan er sú að undirforingi í fangelsinu, Knobloch að nafni, virðist hafa verið kirkjunnar maður og kunnugur ritum Bonhoeffers og er talinn hafa heyrt hann prédika nokkrum árum áður en hann var handtekinn. Hann tók bréf Bonhoeffers með sér heim og setti þau í póstinn og auðkenndi eins og hann hefði sent þau frá eigin heimilisfangi. Bethge sendi bréf sín svo til Knoblochs sem kom þeim til Bonhoeffers í fangelsinu.

Annar fangavörður, Linke að nafni, sem kom skírnarbréfinu til foreldranna, var einnig liðtækur en – ólíkt Knobloch – vildi hann fá borgun; fyrir greiðann við að koma skírnarbréfinu til skila þurfti Bonhoeffer að láta hann hafa gullúrið sitt. Renata Bethge og fjölskyldan öll vissi að Bonhoeffer fékk reglulega bréf frá Eberhard manni hennar.⁵ —Þrjár ljósmyndir af Bonhoeffer í Tegel hafa varðveist.

Bréfunum sem Bonhoeffer sendi Bethge til Ítalíu, þar sem hann gegndi herþjónustu, kom Bethge aftur til Berlínar, annaðhvort um hendur móður sinnar í Kade eða hann tók þau með sér þegar hann fór í leyfi til Berlínar, þau voru grafin í gasgrímukössum í garði

⁴ Sbr. DBW8, bls. 3–4.

⁵ Charles Marsh, *Strange Glory: A Life of Dietrich Bonhoeffer*, bls. 351–352, 460 nmgr. 4. DWB 8, bls. 13.

Schleicher-hjónanna í Marienburger Alle 42 og geymd þar uns stríðinu lauk, þá voru þau grafin upp, sum þeirra voru lítið eitt sködduð.⁶

Fljótlega eftir stríðið var eitt og annað gefið út af textum Bonhoeffers, m.a. ljóðin og *Síðfræðin* (ófullgerð, gefin út 1949) en árið 1951 var bréfasafnið gefið út. Þýska heitið var *Widerstand und Ergebung* (Andspyrna og undirgefni). Bókin hlaut fádæma góðar viðtökur og var gefin út aftur og aftur og þýdd á mörg tungumál um víða veröld. Þegar aldarfjórðungur var liðinn frá dauða Bonhoeffers, 9. apríl 1970, kom út ný og ítarlegri útgáfa⁷ (nefnd WEN).

Í áttunda bindi af fræðilegri heildarútgáfu verka Bonhoeffers, sem kom út 1998, er að finna mun fleiri bréf en í fyrri útgáfum, þá birtust einnig bréf Eberhards Bethges til Bonhoeffers og fær lesandinn þá skýra mynd af samtalinu sem á sér stað þeirra á milli. Auk bréfa frá Eberhard Bethge er að finna fleiri bréf frá fjölskyldunni en í fyrri útgáfum, bréf sem hafa komið í leitirnar síðar.⁸ Bréfin frá Maríu Wedemeyer, unnustu Bonhoeffers, voru gefin út sérstaklega í fyrsta skipti 1992.⁹

Guðfræði

Eitt af því sem einkennir *Fangelsisbréfin* eru guðfræðilegar hugleiðingar sem hafa alla tíð vakið mikla athygli, ekki síður nú en þegar bréfin voru fyrst birt árið 1951. Þá horfðu guðfræðingar á þennan andspyrnuguðfræðing í nýju ljósi, hér var ekki aðeins pólitískur guðfræðingur og prestur heldur fór hann enn dýpra í guðfræðina og spurði spurninga sem enginn gat látið sem vind um eyrum þjóta. Segja má að frjálshynda guðfræðin, sem hann kynntist á námsárum sínum, hafi komin upp á yfirborðið í nýju formi, við nýjar aðstæður og í nýjum hugtökum.

Bonhoeffer mótaðist í návígi við Adolf von Harnack og frjálshynda guðfræði á yngri árum, síðan við Karl Barth og díalektísku guðfræðina sem hann kynntist vel á námsárum sínum. Hann fékk einnig að kynnast bandarískum guðfræðingum þegar hann dvaldist vestanhafs 1930–1931 og aftur 1932, m.a. Reinhold Niebuhr og kenningum hans um kristna raunsæishyggju, um borgaralegt hugrekki, um borgaralega óhlýðni við óréttlát yfirvöld, um samfélagslega ábyrgð. Hann kynntist einnig kirkjulífi vestanhafs, þá starfaði hann í Englandi um skeið sem prestur, hann var virkur í samkirkjulegu starfi á alþjóðlegum vettvangi og annaðist kennslu guðfræðinema í prestaskólum á vegum Játningakirkjunnar. Um skeið var hann fyrirlesari við Berlínarháskóla. Guðfræði hans á sér djúpar rætur og spannar vítt svið, hún hlaut eldskírn á óvenjulega erfiðum tímum í sögunni.

Allt endurspeglast þetta með ýmsum hætti í *Fangelsisbréfunum*. Þar kemur einnig fram að hann taldi það ekki merkilega guðfræði sem skilur boðskap guðspjallanna fyrst og fremst sem boðskap um félagslegt réttlæti eins og honum fannst einkenna bandaríska guðfræði. Hann hefði heldur viljað sjá sterkt ríkisvald vestanhafs enda var hann þá, í upphafi fjórða áratugarins, enn undir áhrifum af „tveggja ríkja kenningunni“ svonefndu sem þýskir guðfræðingar, lútherskir, vildu rekja til Lúthers og gefa ríkisvaldinu með þeim hætti umboð til að fara sínu fram, jafnvel á tímum einræðis- og ógnarstjórnar, en halda sjálfir að sér höndum og skáka í því skjólinu að pólitík væri ekki viðfangsefni kirkjunnar. Framan af

⁶ DBW8, bls. 6.

⁷ Sú útgáfa er nefnd WEN sem merkir *Widerstand und Ergebung*, Neue Ausgabe.

⁸ Sbr. DBW8, bls. 9–14.

⁹ *Brautbriefe Zelle 92: 1943–1945*. Dietrich Bonhoeffer; Maria von Wedemeyer. Útg. af Ruth-Alice von Bismarck og Ulrich Kabitz. Með formála eftir Eberhard Bethge, München 1992.

lá honum þyngra á hjarta en flest annað að ekki yrði vikið frá hinni skýru kenningu. Bonhoeffer átti eftir að skipta um skoðun í því efni. Hann var íhaldssamur og hefðbundinn í pólitískum skoðunum og einnig sem guðfræðingur þangað til reynslan breytti honum og kallaði hann til nýs hlutverks sem hann gegndi til dauðadags, það var hlutverk andófsmannsins.

Umskiptin snerust um spurninguna hvort Guð ætlaðist eitthvað fyrir með siðlaust ríkisvald, hvort leyfilegt væri að stöðva gangverk sögunnar, hvort það væri jafnvel hlutverk kirkjunnar að hafa áhrif á hið veraldlega yfirvald, hvort það væri ekki siðferðisleg skylda hins kristna manns að stöðva morðingjann sem æðir áfram. Það gerði Bonhoeffer vissulega með samstöðu með þeim sem ofsóttir voru vegna uppruna síns, hann ákvað að standa með þeim sem ríkisvaldið valtaði yfir og gegn ríkisvaldinu. Fyrir það hlaut hann engar þakkir Játningakirkjunnar.¹⁰

Hann skrifar við óvenjulegar aðstæður þar sem sterkar tilfinningar grípa hann og færa umræðuna, hvort sem hún er um tónlist, bókmenntir, heimspeki, samtímaviðburði eða guðfræði, inn á nýtt svið þar sem tilfinningarnar eru orðnar sterkari þáttur en áður, ekki aðeins eigin tilfinningar heldur einnig samfanganna. Þáttur trúarinnar við þessar skelfilegu aðstæður óvissu og kvíða birtist með ýmsu móti.

Trúarhugtakið var eitt af þungavigtarhugtökum guðfræðinnar á síðari hluta nítjándu aldar og á fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Margir lögðu þar lóð á vogarskálarnar, þar á meðal Friedrich Schleiermacher (1768–1834) og síðast en ekki síst Paul Tillich (1886–1965).

Í *Fangelsisbréfunum* minnst Bonhoeffer lítilega á Tillich (í bréfi til Bethges 8. júní 1944) og væntir sér þar ekki mikils af guðfræði hans. Í því sambandi hefur verið bent á að „af verkum Tillichs þekkti Bonhoeffer [...] aðeins það sem komið hafði út fyrir tímabil nasismans; þau rit hafði hann í huga þegar hann tók undir með Tillich eða talaði gegn sjónarmiðum hans.“¹¹

Í árslok 1943 hefst umfjöllun Bonhoeffers um guðfræðilegar spurningar sem vakna með honum, þær halda áfram árið 1944 og verða dýpri og skýrari eftir því sem á líður.

Guðfræðingurinn Bonhoeffer

Um kirkjuna

Það segir sína sögu að doktorstritgerð Bonhoeffers fjallaði um kirkjuna (*Sanctorum Communio*, 1927). Kirkjan er í hans augum ekki stofnun heldur samfélag sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna: að fylgja Jesú fótímál fyrir fótímál, sbr. bók hans *Nachfolge*, 1937. Kirkjan er því í hans augum meira en andlegt samfélag, hún er miklu heldur ákveðið tilvistarform sem kallar til ákveðinnar breytni eða lífsstíls, m.a. til pólitískrar ábyrgðar. Hugleiðingar Bonhoeffers snúast ekki um guðfræði í þrengri merkingu heldur um kirkjuna.

Æviferill Bonhoeffers og guðfræði hans eru því samofin og segja mætti að lífsferill hans sé útfærsla á guðfræði hans og trúarskilningi. Hann hefur sjálfur komist þannig að orði að hann hafi „breyst úr guðfræðingi í kristinn mann“ við lestur og hugleiðslu Fjallræðunnar

¹⁰ Sjá: „Von der Mündigkeit des Christenmenschen“ e. Klaus-Michael Kodalle: „Von der Mündigkeit der Welt.“ *Neue Zürcher Zeitung* 10. apríl 2015: <http://www.nzz.ch/aktuell/startseite/articleDJEV8-1.8706>.

¹¹ DBW8, bls. 480 nmgr. 23.

þegar hann var 26 ára.¹² Með þeim tímamótum urðu friður og réttlæti grundvallarþættir í siðfræði hans og jafnframt sú sannfæring að kristin siðfræði ætti ekki að snúast um óflekkaða, hreina samvisku einstaklingsins heldur um ábyrgð sem kristnum manni bæri að sýna vegna þeirrar framtíðar sem blasti við öðrum. „Kirkja fyrir aðra“ varð í margra augum einkenni á guðfræði og trú Bonhoeffers. Hann gerði sér far um að byggja upp samfélag í þessum anda, m.a. í prestaskólanum í Finkenwalde þar sem trúarleg iðkun var í hávegum höfð. Í „Uppkasti að ritgerð“ sem birt er í *Fangelsisbréfunum* segir Bonhoeffer: „Kirkjan er aðeins kirkja þegar hún þjónar öðrum.“

Trúrækni

Bonhoeffer varð þekktur fyrir gagnrýni sína á þá guðrækni og trúariðkun sem er sinnulaus um hinn pólitíska veruleika líðandi stundar. 15. desember 1943 skrifar hann til Bethges vinar síns og er þá að velta fyrir sér guðsþjónustunni, til hvers hún sé: „Annars sakna ég guðsþjónustunnar ótrúlega lítið. Hvers vegna er það?“ Hér er upphafið að hinum nýja róttæka kafla í lífi Bonhoeffers. Og hugsunin beinist meðal annars að guðrækninni. Reyndar segja þau orð ekki alla söguna því að hann hafði sjálfur lagt þunga áherslu á helgihald og trúariðkun í kennslu verðandi presta. Hins vegar kemur gagnrýnin fram nú og enn betur síðar og þá beinist hún að ákveðinni tegund guðrækni. Hún beinist að ytra formi hennar þar sem einstaklingurinn gerir sér far um að ná tökum á guðdóminum með trúrækni sinni en breytnin verður þar aukaatriði. Ræturnar voru í guðrækni níttjándu aldar sem honum fannst bera vitni um áherslu á ytra formið eitt, þar á hann ekki aðeins við atferli heldur einnig hugtakanotkun, trúarskilning, skilning á guðdóminum, skilning á Jesú Kristi, á kirkjunni og hlutverki hennar.

Spurning hans beinist ekki að trúrækni og helgihaldi heldur að hinu eiginlega hlutverki kirkjunnar. Í bréfi sem hann skrifaði 30. apríl 1944 spyr hann þessarar innihaldsríku spurningar: „Hver er Kristur eiginlega fyrir okkur nú á tímum?“ Svar Bonhoeffers er augljóst: trúin og þar með trúarsamfélagið, kirkjan, á að beinast að hinu lifaða lífi mannsins þar sem sýnt er í verki hver Kristur sé og hvaða verk beri að vinna í hans nafni.

Myndugur heimur

Í bréfi til Bethges 8. júní 1944 skrifar Bonhoeffer:

Okkur virðist það ömurlegt hvernig heimurinn hefur orðið meðvitaður um sjálfan sig og öruggur með sig; óæskileg þróun og mistök slá heiminn ekki út af laginu, hann heldur áfram ferðinni og þróunin heldur áfram; með stillingu og karlmennsku er öllu mótlæti tekið og jafnvel atburðir eins og þetta stríð breytir þar engu. Gegn þessu sjálfsöryggi kemur nú kristin trúvörn fram á sjónarsviðið í ýmsum formum. Þar reyna menn að sannfæra hinn mynduga heim um að hann geti ekki lifað án „Guðs“. Þegar allt er tapað í veraldlegum spurningum þá eru þó alltaf eftir „hinstu spurningarnar“ – dauði, sekt – sem „Guð“ einn á svör við og þess vegna er þörf á Guði og kirkju og presti. Við lifum sem sagt í vissum skilningi vegna þessara hinstu spurninga mannsins. En hvernig verður þetta þegar þær eru ekki lengur til staðar, þ.e.a.s. þegar við getum einnig svarað þeim „án Guðs“?

Trú og trúariðkun, sem byggist á hefðbundnum trúarskilningi þar sem ytra form vegur þyngst, er ekki gjaldgengt í myndugum heimi, þ.e.a.s. í þeim upplýsta heimi sem hefur mótast af þekkingu sem vísindin hafa aflað, „myndugur“ vísar til sjálfsákvörðunar mannsins, sjálfstæðis og sjálfsvirðingar. Þekkingin breytir heiminum jafnt og þétt, trúin er í eðli sínu óbreytt en ytra form hennar, búningur hennar, er breytilegur.

¹² Wolfgang Huber, „Das Vermächtnis Dietrich Bonhoeffers und die Wiederkehr der Religion“ – Fyrirlestur á aldarafmæli Dietrichs Bonhoeffers í Humboldt-háskólanum í Berlín 4. febrúar 2006:
http://www.ekd.de/vortraege/huber/060204_huber_berlin.html.

Ytri búningur trúarinnar má ekki verða að inntaki hennar, trúin þarf því jafnvel að vera tilbúin til að hafna hinum trúarlega búningi sínum ef þess gerist þörf, hún verður að huga að þeim hugtökum sem hún notar, að skilningi á einu og öðru sem hefur fylgt henni frá fyrri tímum.

Hugtakið „myndugur“ í þessu samhengi er rakið til þýska heimspekingsins Wilhelms Dilthey (1833–1911), sem hafði m.a. túlkunarfræði Friedrichs Schleiermachers í hávegum, Dilthey hafði talsverð áhrif á Bonhoeffer. Hann talar um mynduga menningu sem þróast eftir upplýsingartímum. Myndugur heimur þarfnast ekki Guðs sem tekur af honum ómakið að vera manneskja og hugsa, bera ábyrgð sem manneskja. Ræturnar eru þó í reynd í hinum þekktu orðum helsta heimspekings upplýsingarstefnunnar, Immanúels Kants, frá 1784, *sapere aude*: hafðu hugrekki til að nota skynsemina.

Málið snýst ekki um guðfræðileg *hugtök* hjá Bonhoeffer heldur um kirkjuna sem *samfélag* þeirra sem láta leiðast af Jesú Kristi og gera sér far um að líkjast honum í lífi sínu. Í því samhengi ber að skoða hin róttæku orð hans um trú og trúleysi, um kristindóm sem er ekki lengur innan ramma trúarbragðanna og um heim sem stefnir inn í trúarbragðalaus framtíð.

Kristindómur án umgjardar trúarbragðanna

Í bréfi frá 30. apríl 1944 snýst umræðan um kristindóm án umgjardar eða búnings trúarbragðanna. Bonhoeffer er sannfærður um að heimurinn stefni inn í trúarbragðalaus framtíð. Það veldur honum engum áhyggjum heldur hitt, hvort guðfræðin og kirkjan átti sig á hlutverki sínu við nýjar aðstæður og kunnir að aðlagast þeim.

Eru til trúlausir kristnir menn? Ef trúin er aðeins búningur kristindómsins – og þessi búningur hefur lítið út með ýmsum hætti á ýmsum tímum – hvað er þá trúarlaus kristindómur? [...] Hvernig tölum við um Guð – án umgjardar trúarbragðanna ...?¹³

Í þessu samhengi tekur Bonhoeffer djúpt í árinni þegar hann sér fyrir sér „kristindóm sem er án umgjardar trúarbragðanna“.¹⁴ Ástæðan fyrir mati hans er sú, eins og kemur fram í bréfi 30. apríl 1944, að við stefnum í átt til trúlausrar veraldar því að fólk geti ekki – eins og það er nú einu sinni gert – verið lengur trúað.

Það er svo önnur saga hvort Bonhoeffer hafi að þessu leyti reynt spámaður. Ekki eru allir sannfærðir um að áhrif og gildi trúarbragða vítt og breitt um heiminn hafi minnkað, hið gagnstæða virðist heldur vera raunin. Engu að síður mætti spyrja hvort hann hafi ekki verið raunsær í mati sínu á trúarbrögðunum þegar horft er til þeirra í nútímanum, í myndugum heimi? Oft er sú trúariðkun, sem blasir við augum, hvort sem er í austri eða vestri, norðri eða suðri einmitt því marki brennd sem Bonhoeffer benti á: trúrækni sem afneitar hinum mynduga heimi og kýs að klæðast heldur búningi fyrri tíma hvort sem lítið er til hugtaka, hugmynda, helgisiða eða atferlis.

¹³ Þýski textinn er þannig: „Gibt er religionslose Christen? Wenn die Religion nur ein Gewand des Christentums ist – und dieses Gewand hat zu verschiedenen Zeiten sehr verschieden ausgesehen – was ist dann ein religionslosen Christentum? [...] Wie sprechen wir von Gott – ohne Religion?“ DBW8, bls. 404–405. Bonhoeffer notar hér orðið Religion, ekki Glaube, sem merkir að hann er að fjalla um kristna trú í ljósi trúarbragðanna.

¹⁴ Þ.: „religionsloses Christentum“.

Í bréfi frá Tegel 5. maí 1944 er honum túlkun hugtaka hugleikið efni: hvernig er unnt að koma til skila nú, löngu síðar, orðum og hugtökum sem voru í fullu gildi og öllum skiljanleg fyrir mörgum öldum? Í bréfinu segir:

Ég hugsa um það núna hvernig hægt sé að umtúlka hugtök eins og iðrun, trú, réttlætning og endurfæðing „veraldlega“ í anda Gamla testamentisins og í anda Jóhannesarguðspjalls 1.14.¹⁵

Trúvörn á villigötum

Í bréfi sem Bonhoeffer skrifar úr Tegel-fangelsinu 6. júní 1944 er honum hugleikið hugtakið myndugleiki heimsins, heimurinn er myndugur og hlutverk kristindómsins er að fóta sig í þeim heimi í stað þess að flýja af hólmi til fyrri tíma, sú trúvörn sem byggist á því að verjast hinum mynduga heimi með því að horfa til fortíðar er á rangri leið:

Atlaga kristinnar trúvarnar að myndugleika heimsins er í fyrsta lagi að mínum dómi tilgangslaus, í öðru lagi ekki snjöll og í þriðja lagi ókristileg. Hún er tilgangslaus vegna þess að – eins og mér virðist – hún reynir að færa manneskjuna, sem er orðin myndug, aftur til gelgjuáranna, þ.e.a.s. að gera manninn háðan hlutum sem hann hefur ekkert við að gera lengur, ýta honum inn í vandamál sem eru ekki nein vandamál fyrir honum. Hún er ekki snjöll vegna þess að hún reynir að nýta sér veikleika mannsins til þess að fá hann til að játa óviljugur framandi markmiðum. Ókristileg – af því að Kristi er ruglað saman við ákveðið stig í trúarþörf mannsins, Kristi er með öðrum orðum ruglað saman við mannlegt lögmál.

16. júlí 1944 skrifar hann:

Og við getum ekki verið heiðarleg án þess að viðurkenna að við verðum að lifa í þessum heimi – „etsi deus non daretur“ [þ.e.: jafnvel þótt enginn Guð væri til]. Og það er einmitt þetta sem okkur skilst – frammi fyrir Guði! Guð sjálfur þvingar okkur til þessa skilnings. Af myndugleika leiðir skýra þekkingu á stöðu okkar frammi fyrir Guði. [...] Sá Guð sem letur okkur lifa í heiminum án þess að styðjast við vinnutilgátuna Guð, er sá Guð sem við stöndum sífellt frammi fyrir. Fyrir og með Guði lifum við án Guðs.

Með öðrum orðum hefur trúin að mati Bonhoeffers orðið forminu að bráð, hið ytra hefur sigrað, umgjörðin hefur orðið það sem öllu máli skiptir, hugmyndir um guddóm sem eiga sér rætur í löngu liðnum tíma. Sömuleiðis var honum það ekki á móti skapi að „vinnutilgátan Guð“ sem raunvísindi nútímans og nútímavæðing samfélagsins hefði ekki fengið neitt raunhæft hlutverk, samfélag nútímans þarfnast ekki neins guðs til þess að vakta heiminn og lífið í heiminum. Þegar árið 1932 örlar á þessum hugsunum Bonhoeffers. „Það er auðvelt að hugga og prédika með því að vísa til hins handanlæga.“ Með öðrum orðum varar hann við því að presturinn eða einhver annar grípi til þess að láta eins og hann viti öll rök tilvistarinnar, þessa heims og annars. Er það heiðarlegt? Er það kristilegt? Hann sagði í þessu samhengi: „Verið ekki annars heims heldur sterk!“¹⁶

Deus ex machina

Í bréfi úr fangelsinu 18.7.1944 er þetta þema meginefnið. Í því langa og innihaldsríka bréfi slær Bonhoeffer ýmsa strengi:

¹⁵ „Og Orðið varð hold, hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika og vér sáum dýrð hans, dýrð sem sonurinn eini á frá föðurnum.“

¹⁶ „Seid nicht hinterweltlich, sondern seid stark!“ sbr. Klaus-Michael Kodalle: „Von der Mündigkeit der Welt“, *Neue Zürcher Zeitung* 10. apríl 2015: <http://www.nzz.ch/aktuell/startseite/articleDJEV8-1.8706>.

Hinir trúðu tala um Guð þegar mannlega þekkingu þrýtur (oft er það reyndar hugsanaleti) eða þegar mannlegir kraftar duga ekki lengur – það er eiginlega alltaf *deus ex machina*¹⁷ sem marsérar þá fram á sviðið, annaðhvort til sýndarlausnar óleysanlegra vandamála eða sem kraftur þegar kraftar mannsins nægja ekki, sem sagt til þess að misnota veikleika mannsins, þ.e.a.s. við takmörk mannsins[...]; ég vildi ekki að Guð væri á markalínunni heldur í miðjunni, ekki í veikleikanum heldur í styrkleikanum, ekki í dauða og sekt heldur í lífinu og í hinu góða í mannum.[...] Guð er handanlægur í lífinu miðju. Kirkjan er ekki þar sem getu mannsins brestur, á mörkunum, heldur í miðju þorpinu.

Orðalagið „*deus ex machina*“ eða „guð úr vél“ er sótt til fyrri tíma, m.a. til grísku harmleikjanna þar sem einhvers konar vélbúnaður var notaður til að láta leikara, sem léku goðin, svífa inn á sviðið. Einnig má sjá leifar af sambærilegum búnaði í gömlum þýskum kirkjum þar sem þeir, sem léku englana í jólaguðspjallinu, komu svífandi inn í kirkjuskipið eða kórinum um þakglugga. Kristur gerir manninn ekki aðeins *góðan* heldur einnig *sterkan*, fólk sem veikt er í augum Bonhoeffers – hér má greina enduróm frá Nietzsche – er veikt fyrir hugmyndafræði og jafnframt veikt fyrir kennivaldi sem það er tilbúið til að lúta, það hneigist til að lifa „framandi lífi“ en ekki sínu eigin.

Bonhoeffer grípur til samlíkingarinnar *deus ex machina* til þess að gagnrýna þá hugsun að Guð sé einhvers konar leikmynd í lífi mannsins sem er látin detta inn í veruleikann þegar þörf er á. Hann er þá með öðrum orðum eins konar leikbrúða sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna en í reynd er veruleiki hans þá heldur ekki dýpri en svo.

Kristur í Getsemane

Frásögn guðspjallanna um Jesúm í Getsemane-garðinum var eins konar meginsaga Nýja testamentisins í augum Bonhoeffers. Í Jesú sér hann son Guðs, þar sem ást og umhyggja Guðs fyrir heiminum birtist. En þessi Jesús birtist sem þjáður og vanmáttugur, hann snýr sér til Guðs og biður til hans í örvæntingu án þess að fá nein svör. Hann snýr sér þá til þeirra sem með honum eru en þeir eru þá einmitt á þessu andartaki sofandi. Bonhoeffer túlkar þessa frásögn þannig að sá sem býður sig fram til að feta í fótspor Jesú og vinna verk trúarinnar, hann gerir það með því að sýna mannúð og mennsku en ekki með ytra atferli trúariðkunarinnar. Það er ekki hin „trúarlega“ athöfn sem málið snýst um heldur að taka þátt í þjáningu Guðs í heiminum.

Bonhoeffer horfir með öðrum orðum til þeirrar trúar sem birtist í verki. Trúartúlkun hans hefur fengið á sig ákveðið form í reynslunni þar sem þjáningin er hlutskipti alls þorra fólks, þar sem allt er fótum troðið sem vísar til mannúðar, mennsku og réttlætis. Í þessu ljósi horfir hann til Jesú Krists. Honum verður sífellt ljósara að trúin snýst um kjarna málsins, ekki um umbúðirnar, hún snýst um inntak en ekki umgjörð. Inntak trúarinnar er að fylgja Jesú Kristi fótmaal fyrir fótmaal, taka á sig þær þjáningar sem sú eftirfylgt kann að hafa í för með sér. Og eitt er alveg ljóst: á tímum sem þessum verður ekki undan þeim komist. Trúin snýst því um kjarna málsins en ekki umbúðir hennar, hún snýst um vitnisburð í lífi og starfi en ekki um játningar, helgihald eða helgisiði. Í þessu efni eiga allir kristnir menn samleið, þeir eiga allir samleið í eftirfyldinni eftir Jesú Kristi.

Hvað form og umbúðir áhrærir er margt sem greinir kristna menn að, það á bæði við um mismunandi kirkjudeildir og mismunandi viðhorf einstaklinga eða hópa. En þeir eiga allir samleið þegar horft er til kjarna málsins sem er „málefni Jesú“, það er sameiginlegt málefni þeirra allra. Og ekki aðeins kristinna manna heldur eru þar margir aðrir sem fylkja sér um málefni Jesú ómeðvitað þegar þeir láta allt í sölurnar fyrir mannúð og réttlæti.

¹⁷ Lat. *deus ex machina*. Guð úr vél, vélrænn Guð.

Ytri búningur trúarinnar verður Bonhoeffer sífellt minna virði í bréfunum sem hann skrifaði í fangelsinu, sama er að segja um hefðbundna guðrækni sem á furðuauðvelt með að reiða sig á hinn handanlæga Guð. En þeirri þróun Bonhoeffers fylgir jafnframt sívaxandi einbeiting að kjarna málsins, kjarna trúarinnar, sem felst í því að fylgja Jesú Kristi í hinum pólitíska veruleika líðandi stundar. Þar er ekkert skjól lengur, þar er alls krafist af mannum, þar birtist trú hans í verki þegar hann kemur ofsóttum gyðingum til varnar, geðsjúkum sem leiddir eru í aftökuklefana, andspyrnumönnum sem gera sitt til að verjast því að gildi mennsku og mannúðar verði fótum troðin, ekki óviljandi heldur vísvitandi.

Með andstöðu sinni við nasismann allt frá valdatöku Hitlers sýndi Bonhoeffer að hann var sjálfum sér samkvæmur. En alvara málsins var engum ljós í upphafi þótt grunur hafi sjálfsagt læðst að mörgum. Bréfin sem Bonhoeffer skrifaði úr fangelsinu sýna hvernig alvaran utan fangelsismúranna mótar trú hans til sífellt meiri eindrægni og jafnframt einföldunar þar sem kjarni málsins liggur ljós fyrir: að trúna er að feta í fótspor Jesús Krists í veruleika lífsins, allt annað er í því samhengi hismið eitt.

Lokaorð

Yfir kirkjudyrum þjóðarhelgidóms Breta, Westminster Abbey, gefur að líta tíu stórar myndastyttur á framhlið kirkjunnar, það eru píslarvottar trúarinnar á tuttugustu öld, einn þeirra er Dietrich Bonhoeffer.¹⁸ Það sýnir virðingu Breta fyrir störfum Bonhoeffers, fyrir baráttu hans gegn einræði og hernaðarhyggju og minnir á samband hans við Bretland og breska kirkjumenn að hann skuli njóta þessarar virðingar sem fáum hlotnast.

Bonhoeffer var hugsjónamaður, andspyrnumaður og píslarvottur en hann var einnig merkur guðfræðingur sem hefur allt til þessa dags vakið menn til umhugsunar um trúna en einnig um borgaralegt hugrekki og samfélagslegt réttlæti. Bækur Bonhoeffers um guðfræði sýna hann sem klassískan guðfræðing undir talsverðum áhrifum frá hinni svonefndu díalektísku guðfræði. Þá guðfræði metur Bonhoeffer í *Fangelsisbréfunum* sem íhaldssama og því ekki gjaldgenga þegar mikið liggur við eins og á þeim örlagatímum sem hann lifði. 3. ágúst 1944 skrifar hann hins vegar: „Mér finnst ég vera „nú tíma“ guðfræðingur sem byggir á arfi frjálslýndu guðfræðinnar, skuldbundinn til þess að fást við þessar spurningar.“

Bonhoeffer breyttist mikið á tímanum eftir að hann gerðist virkur andspyrnumaður, reyndar var hann ekki beinn aðili að neinu tilræðinu við Hitler en hann var nákominn mörgum þeirra sem þar voru í innsta hring, hann hafði mikil áhrif á umræðuna og þótti ómetanlegur liðsmaður. Margir tilræðismannanna sem komu að Stauffenberg-tilræðinu 20. júlí 1944 voru nákomnir honum, margir þeirra höfðu einnig nánin kirkjuleg tengsl og leituðu ráða hjá Bonhoeffer, hér var um lífsviðhorf og sannfæringu að ræða, trú og siðfræði þar sem mikið var lagt að veði. Enda þurftu margir að greiða fyrir þátttöku sína eða aðkomu að öðru leyti með lífi sínu.

Bonhoeffer lítur ekki svo á að þjáningin ein og sér eða fórn eigin lífs í þágu trúarinnar skipti ein og sér máli – hugsanlegt væri að menn létu líf sitt að veði fyrir trú sína sem væri í reynd byggð á vafasömum forsendum – hitt skiptir öllu máli að málstaðurinn sem lagður

¹⁸ Píslarvottarnir tíu eru: Maximilian Kolbe, Manche Masemola, Janani Luvum, stórfurstaynja Elisabeth af Rússlandi, Martin Luther King, Oscar Romero, Dietrich Bonhoeffer, Esther John, Lucian Tapiedi og Wang Zhiming.

er að veði sé þess virði að miklu sé til kostað. Til þeirrar umræðu er guðfræði Bonhoeffers dýrmætt og sígilt innlegg. Hann varar við hættunni af því að láta leiðast af múgsefjun samfélagsins, ekki aðeins á tímum þriðja ríkisins heldur alltaf, í staðinn hvetur hann til varúðar, til ákveðinnar fjarlægðar frá líðandi stund. Hann hvetur sömuleiðis til að gæta að mannúðlegum dyggðum eins og hugrekki til að axla ábyrgð í mannlegum samskiptum og í málefnum samfélagsins, ekki hvað síst í hinum pólitíska heimi þar sem gætt er að grundvallargildum. Í þessu efni var Bonhoeffer ekki einn á báti, engu að síður voru áhrif hans mikil á örlagatímum.

Ungir guðfræðingar eftirstríðsáranna horfðu til Bonhoeffers, ekki aðeins í Evrópu heldur vítt og breitt um heiminn, ekki hvað síst í þriðja heiminum. Guðfræði hans er komin til að vera, þar er spurt sigildra, róttækra spurninga um trú, mannúð og réttlæti, þar eru spurningar sem láta engan ósnortinn. Með lífi sínu og dauða svaraði Bonhoeffer þeim spurningum og skipaði sér jafnframt í raðir píslarvotta trúarinnar á öllum öldum.

Heimildir

- Bethge, Eberhard, *Dietrich Bonhoeffer: Theologe – Christ – Zeitgenosse; eine Biographie*, 9. útgáfa, Darmstadt 2005 [1968].
- Bonhoeffer, Dietrich, *Widerstand und Ergebung, Briefe und Aufzeichnungen aus der Haft*, 21. útgáfa, Gütersloh 2013 [1951], skammstafað DBW8.
- Bonhoeffer, Dietrich, *Widerstand und Ergebung, Briefe und Aufzeichnungen aus der Haft*, Bd 8, Gütersloh 1998.
- Geybels, Hans: *Cognitio Dei experimentalis. A Theological Genealogy of Christian Religious Experience* (Bibliotheca Ephemeridum Theologicarum Lovaniensium), Leuven 2007.
- Huber, Wolfgang, „Das Vermächtnis Dietrich Bonhoeffers und die Wiederkehr der Religion“ – Fyrirlestur á aldarafmæli Dietrichs Bonhoeffers í Humboldt-háskólanum í Berlín 4. febrúar 2006: http://www.ekd.de/vortraege/huber/060204_huber_berlin.html.
- Huber, Wolfgang, „Beginn des Lebens. Vor siebzig Jahren ermordeten die Nazis den Theologen Dietrich Bonhoeffer“, *Zeitzeichen* 4/2015, bls. 15–18.
- Kodalle, Klaus-Michael: „Von der Mündigkeit der Welt“, *Neue Zürcher Zeitung* 10. apríl 2015: <http://www.nzz.ch/aktuell/startseite/articleDJEV8-1.8706>.
- Lange, Ernst, „Notizen zu Theodore A. Gill's „Memo for a Movie“. Die Aufsätze und Vorlesungen Ernst Langes zu Bonhoeffers Theologie“. Í: *Verspieltes Erbe?: Dietrich Bonhoeffer u.d. dt. Nachkriegsprotestantismus*, útg. af Ernst Feil, München 1979.
- Luther, Martin. *D. Martin Luthers Werke*. Tischreden [skammstafað WA.TR], Weimar 1912–1921.
- Marsh, Charles, *Strange Glory: A Life of Dietrich Bonhoeffer*, Knopf 2014.
- Rovan, Joseph, *Geschichte der Deutschen. Von ihren Ursprüngen bis heute*, 3. útg., München 2001 [1998].
- Schlingensiepen, Ferdinand, *Dietrich Bonhoeffer (1906–1945). Eine Biographie*, München 2013, 3. uppl., [2010].
- Sifton, Elisabet, og Fritz Stern, *No Ordinary Men. Dietrich Bonhoeffer and Hans von Dohnányi. Resisters Against Hitler in Church and State*, New York 2013.
- von Thadden, Elisabeth, „Bonhoeffers Welt“: <http://www.zeit.de/2006/06/A-Bonhoeffer/komplettansicht>.
- Wallmann, Johannes, *Kirchengeschichte Deutschlands II*, Frankfurt am Main, Berlin, Wien 1973.